

Ávarp Gylfa Magnússonar, formanns bankaráðs Seðlabanka Íslands, á 62. ársfundi Seðlabanka Íslands 30. mars 2023

Hæstvirtur forsætisráðherra, aðrir ráðherrar, forseti Alþingis, sendifulltrúar erlendra ríkja, seðlabankastjóri, aðrir stjórnendur og starfsmenn Seðlabankans og tilheyrendur. Ég set hér með sextugasta og annan ársfund Seðlabanka Íslands.

Starfsemi bankans komst smám saman í eðlilegt horf í upphafi síðasta árs eftir heimsfaraldurinn með þær ögranir og raskanir sem hann hafði í för með sér. Þjóðarbúskapurinn hélt áfram að að rétta úr kútnum eftir snarpan samdrátt og beitti Seðlabankinn auknu aðhaldi til að bregðast við vaxandi verðbólgu og þjóðhagsvarúðartækjum til að styðja við fjármálastöðugleika.

Nú þegar liðlega þrjú ár eru liðin frá sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins er starfsemi hinnar sameinuðu stofnunar komin í nokkuð fastar skorður. Í samræmi við ákvæði 36. gr. laganna um Seðlabankann var á síðasta ári gerð úttekt á hvernig bankanum hefur tekist að uppfylla markmið um stöðugt verðlag, fjármálastöðugleika og framkvæmd fjármálaeftirlits auk þess sem litið var til annarra þátta í starfsemi bankans. Úttektina unnu þrír erlendir sérfræðingar með mikla reynslu úr seðlabönkum landa sinna. Skýrsla þeirra var birt í janúar sl. og var meginþurstaðan á þann veg að sameiningin hefði gengið hratt og vel og sérfræðingarnir hrósuðu frammistöðu bankans á ögrandi tímum á öllum þremur meginþróum starfsemi hans.

Samkvæmt lögum skal Seðlabankinn stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Þrjár nefndir, skipaðar stjórnendum bankans og utanaðkomandi sérfræðingum, taka ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans. Seðlabankastjóri ber svo ábyrgð á starfsemi bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru falin öðrum með lögum. Úttektarnefndin bendir á að þetta nýja skipulag, með þremur meginnefndum, þurfi að meta í ljósi reynslunnar. Sérstaklega sé ástæða til að endurskoða umboð fjármálaeftirlitsnefndar. Þá er jafnframt

nokkur umfjöllun um stjórnskipan bankans og hvernig hún hafi reynst. Í skýrslunni eru jafnframt ýmsar tillögur sem tekna verða til skoðunar af bankanum og eftir atvikum öðrum aðilum.

Ásgeir Jónsson hefur gegnt starfi seðlabankastjóra frá 2019 og varaseðlabankastjórar er hófu störf með nýjum lögum árið 2020 eru Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika, Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu, og Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits.

Eins og áður hefur komið fram var ákveðið að starfsemin skyldi öll verða í húsi bankans að Kalkofnsvegi 1. Til þess að svo mætti verða var nauðsynlegt að ráðast í viðamiklar breytingar og endurbætur á húsinu, m.a. með auknum opnum vinnurýmum. Ekki þurfti aðeins að breyta húsinu til þess að koma mætti öllum starfsmönnum bankans fyrir í því heldur var orðið mjög brýnt að endurnýja ýmsa innviði hússins svo sem innréttigar, leiðslur, lagnir og fleira enda hálfur fjórði áratugur liðinn frá því að húsið var tekið í notkun. Hagkvæmt er að vinna samhliða að breytingum og endurbótum og hafa framkvæmdir staðið yfir nokkurn veginn frá sameiningu. Þær eru nú langt komnar í meginbyggingunni en framkvæmdir standa enn yfir í viðbyggingu. Stefnt er að því að þeim ljúki á næsta ári.

Bankaráð hefur eftirlit með því að Seðlabanki Íslands starfi í samræmi við lög sem um starfsemina gilda. Að öðru leyti sinnir bankaráðið verkefnum sem sérstaklega eru tilgreind í lögunum um bankann. Ráðið hélt 13 fundi á árinu.

Á nýliðnu ári var kosið nýtt bankaráð. Framan af ári var það þannig skipað að aðalfulltrúar voru Bolli Héðinsson, Frosti Sigurjónsson, Jacqueline Clare Mallett, Sigurður Kári Kristjánsson, Una María Óskarsdóttir, Þórunn Guðmundsdóttir, og sá er hér stendur, sem var í formannssæti.

Nýtt bankaráð var skipað hinn 24. mars. í fyrra og í því sitja auk mín þau Arnar Bjarnason, Kirstín Þ. Flygenring, Sigríður Andersen, Sigurjón Arnórsson, Þorsteinn Víglundsson og Þórunn Guðmundsdóttir sem er varaformaður ráðsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi var tap af rekstri bankans rúmlega 18 milljarðar króna á árinu 2022 en árið áður var tapið tæplega 16 milljarðar króna. Tap af rekstri bankans má að mestu rekja til virðisbreytinga eigna vegna mikilla vaxtahækkana í Bandaríkjunum og vaxtagjalda. Rekstrargjöld bankans voru rúmlega 8 milljarðar króna, um 12% meiri en árið á undan. Rekstrartekjur á árinu voru tæpir 3,5 milljarðar króna, örlítið meiri árið áður.

Eignir bankans námu tæplega 875 milljörðum króna í lok ársins, sem er um 90 milljörðum króna lægri fjárhæð en í lok ársins 2021. Eigið fé lækkaði um 19 milljarða króna og var um 115 milljarðar króna í árslok. Eiginfjármarkmið bankans sem bankaráð hefur staðfest er 150 milljarðar króna. Ekki verður greiddur arður í ríkissjóð vegna ársins 2022 vegna taprekstrar og eiginfjárstöðu undir eiginfjármarkmiði.

Í lok árs 2022 voru 296 starfsmenn í Seðlabankanum. Kynjahlutfallið hélst áfram nokkuð jafnt og jafnlaunagreining leiddi áfram í ljós að enginn marktækur, óútskýrður launamunur var á milli kynjanna. Á árinu var áfram unnið markvisst að loftlags- og sjálfbærnimálum bæði í faglegu starfi og í rekstri bankans.

Ítarlegar upplýsingar um starfsemi bankans og afkomu má finna í árskýrslu fyrir árið 2022 sem birt var í dag.

Ég þakka starfsmönnum bankans fyrir gott starf og samstarf á árinu 2022. Ég þakka jafnframt sérstaklega fulltrúum í bankaráði fyrir gott samstarf, einnig varaseðlabankastjórum, ritara bankaráðs og innri endurskoðanda. Þá færi ég seðlabankastjóra, Ásgeiri Jónssyni, þakkir fyrir samstarfið. Unnur Gunnarsdóttir varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits lætur af störfum í lok apríl að eigin ósk. Ég færi henni sérstakar þakkir fyrir langa og farsæla þjónustu í þágu hins opinbera, nú síðast í Seðlabankanum þar sem hún raunar hóf starfsferil sinn.

Seðlabankastjóri flytur ársfundarræðu sína hér á eftir en fyrst skulum við hlýða á ávarp Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra.